



Fréttatilkynning
frá skrifstofu
forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL BANDARÍKJAFORSETA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú síðdegis sent heillaóskir til George W. Bush forseta Bandaríkjanna og óskað honum til hamingju með endurkjörið. Jafnframt lét forseti Íslands í ljós þá ósk að samband landanna verði áfram náið og sterkt og í anda þeirra hugsjóna lýðræðis og framfara sem einkennt hafa samvinnu Íslendinga og Bandaríkjamanna um langa hríð.

3. nóvember 2004